

Tólfti fundur sveitarstjórnar Eyja- og Miklaholtshrepps, haldinn að Breiðabliki fimmtudaginn 30. nóvember 2023 klukkan 14:00.

Mætt eru: Veronika G. Sigurvinsdóttir, Herdís Þórðardóttir, Þróstur Aðalbjarnarson, Guðbjörg Gunnarsdóttir og Sigurbjörg Ottesen, sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Eftirfarandi var tekið fyrir:

1. Styrkumsóknir

Auglýst var eftir styrkumsóknum vegna íþróttá- og æskulýðsmála og frá félagasamtökum fyrir árið 2024. Umsóknarfrestur var til 20. nóvember 2023.

Engar umsóknir bárust.

2. Sameiningarviðræður – seinni umræða

Með vísan í umsögn Innviðaráðuneytisins um álit sveitarstjórnar á stöðu sveitarfélagsins, getu þess til að sinna lögbundnum verkefnum og um þau tækifæri sem felast í mögulegum kostum sameiningar sveitarfélaga við annað eða önnur sveitarfélög.

Ein hugur er í sveitarstjórn um að kanna sameiningu við önnur sveitarfélög.

Oddviti hefur tekið sæti í vinnuhóp um sameiningarmál á Snæfellsnesi og í Dalabyggð.

3. Skipulags- og byggingarmál

Um komandi áramót verður samstarfi sveitarfélagsins við Sveitarfélagið Stykkishólm og Grundarfjarðarbæ slitið. Á þeim tímapunkti mun málaflokkurinn flytjast aftur til sveitarfélagsins.

Oddvita falið að vinna tillögu að framtíðarskipulagi fyrir skipulags- og byggingarmál í sveitarfélaginu og kynna á næsta fundi sveitarstjórnar.

4. Gjaldskrá byggingarleyfa-, þjónustu- og framkvæmdarleyfa

Sú gjaldskrá sem að er í gildi er síðan árið 2019. Ljóst er að tímabært er að taka gjaldskrána til gagn Gerrar endurskoðunar.

Oddviti lagði fram drög að nýrri gjaldskrá. Oddvita falið að vinna drögin áfram og leggja fram á næsta fundi sveitarstjórnar.

5. Úrgangsmál

Lagt er fram minnisblað um stöðu úrgangsmála í sveitarfélaginu haustið 2023 frá ráðgjafafyrirtækinu Environice, unnið að Stefáni Gíslasyni.

6. Gjaldskrár 2024

Fasteignagjöld

Sveitarstjórn samþykkir að álagningarhlutfall haldist óbreytt. Þá samþykkir sveitarstjórn að eldri borgarar njóti 50% afsláttar af fasteignagjöldum af íbúðarhúsnæði.

- A- Flokkur 0,5%
- B- Flokkur 1,32%
- C- Flokkur 0,5%

Sorphirðu- og sorpeyðingargjöld

Sveitarstjórn að gjaldskrá sorphirðu- og sorpeyðingargjalda hækkar um 15%.

Seyrulosunargjöld

Sveitarstjórn að gjaldskrá seyrulosunar hækkar um 8%.

Tengigjöld

Sveitarstjórn samþykkir að hækka tengigjöld um 100% frá og með 1. janúar 2024.

Sveitarfélaginu er skylt að B-hluta félag reki sig að öllu leiti sjálft en þessi hækkun mun ekki duga til þess.

7. Viðauki vegna fjárhagsáætlunar 2023

Halldóra Á. Pálsdóttir frá KPMG kom inn á fundinn og fór yfir viðauka vegna fjárhagsáætlunar vegna 2023.

Lagður fram viðauki 1 við fjárhagsáætlun Eyja- og Miklaholtshrepps 2023.

Með breytingu á 20. gr. reglugerðar nr. 1212/2015 var kveðið á um að byggðasamlög, sameignarfélög, sameignarfyrirtæki og önnur félagaform sem eru með ótakmarkaðri ábyrgð sveitarfélags, skuli færð inn í samantekin reikningskil sveitarfélags miðað við hlutfallslega ábyrgð sveitarfélags. Í viðauka er búið að færa hlutdeild Eyja- og Miklaholtshrepps í áætlun Félags- og skólaþjónustu Snæfellsness fyrir árið 2023 í upphaflega samþykta áætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2023.

Samkvæmt áætlun frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Jöfnunarsjóði er gert ráð fyrir auknum tekjum sveitarfélagsins um 6,2 millj. kr.

Sveitarstjórn samþykkti á sveitarstjórnarfundum 20. febrúar 2023 að leggja niður starfsemi Laugargerðisskóla og ganga til viðræðna við Sveitarfélagið Stykkishólm um að taka við skólamáli Eyja- og Miklaholtshrepps. Samningar milli sveitarfélaganna voru samþykktir í sveitarstjórn 3. maí 2023, um er að ræða þjónustusamninga um grunnskóla, leikskóla og tónlistarskóla. Áætlaður kostnaðarauki í málaflokki 04 Fræðslumál er 15,7 millj. kr.

Sameignlegur kostnaður hækkar um 3,0 millj. kr. vegna innri leigu á ónotuðu húsnæði í Laugargerði. Hætt hefur verið við viðhald við skólahúsnæði í Eignasjóði.

Kostnaðarauka við gerð viðauka 1 verður mætt með lækkun á handbæru fé.

Viðauki 1 er samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

8. Fjárhagsáætlun 2024-2027 – fyrri umræða

Halldóra Á. Pálsdóttir fór yfir fjárhagsáætlun 2024-2027.

Halldóra yfirgaf fundinn.

Fjárhagsáætlun 2024-2027 tekin til fyrri umræðu.

9. Skipan fulltrúa í stjórn Svæðisgarðsins Snæfellsness

Oddvita falið að sitja í stjórn Svæðisgarðsins Snæfellsness fyrir hönd sveitarfélagsins.

10. Reglur FFS um akstursþjónustu fyrir fatlaða

Drög að reglum FFS um akstursþjónustu fyrir fatlaða lagðar fram.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við drögin.

11. Reglur FFS um akstursþjónustu fyrir aldraða

Drög að reglum FFS um akstursþjónustu fyrir aldraða lagðar fram.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við drögin.

12. Fundargerð 186. fundar Heilbrigðisnefndar Vesturlands

Fundargerð lögð fram.

13. Fundargerð 937. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fundargerð lögð fram.

14. Trúnaðarmál

Fundi lokað og mál fært í trúnaðarbók.

Fleira var ekki gert. Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 16:30.

Herdís Þórðardóttir – sign

Veronika G. Sigurvinsdóttir – sign

Þróstur Aðalbjarnarson – sign

Guðbjörg Gunnarsdóttir – sign

Sigurbjörg Ottesen – sign